

10. gr.

Frumrit bókunar þessarar, sem gerð er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spönsku, og allir textarnir jafngildir, skal varðveitt af framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna; hann skal senda staðfest eftirrit af því til allra ríkja, sem tilgreind eru í 5. grein.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnunum sínum, undirskrifað bókun þessa.

Gjört í Vínarborg, hinn 18. dag apríl-mánaðar 1961.

Article X

The original of the present Protocol, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall send certified copies thereof to all States referred to in Article V.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed the present Protocol.

DONE AT VIENNA, this eighteenth day of April one thousand nine hundred and sixty-one.

Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.

Nr. 17.

2. apríl 1971.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. gr.

a) 27. tölul., 1. mgr., orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 300 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó ekki nema meiru en 80 þúsund krónum. Þó skal heimilt að lækka gjöld á allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 120 þús. krónur fyrir þá, sem mest eru fatlaðir eða lamaðir, en geta þó ekið sjálfir sérlega útbúinni bifreið.

b) 41. tölul. orðist svo:

Að endurgreiða bifreiðastjórum, sem hafa akstur leigubifreiða að aðalstarfi, mismun á 90% og 70% tollgjöldum af bifreiðum. Auk þess er heimilt að endurgreiða allt að 50 þús. krónum af tolli hvernar bifreiðar fyrir sömu aðila, þó aldrei af fleiri

bifreiðum en 250 árlega, og eftirgjöfin verði aldrei meiri en svo, að tollur nemi 40%. Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Iðnfræðsluskóla stjórnar 5 manna skólanefnd. Ráðherra skipar skólanefnd til fjögurra ára í senn, nema fulltrúa nemenda til tveggja. Skulu þrír skipaðir eftir reglum, sem ráðherra setur samkv. tillögum bæjarstjórna og sýslunefnda, sem aðild eiga að iðnfræðsluskóla skólaumdæmis. Einn kjósa nemendur skólans samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur. Hinn fimmta skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Standi eitt sveitarfélag að skóla, skipar sveitarstjórn þrjá skólanefndarmenn.

Að minnsta kosti tveir þeirra, sem bæjarstjórnir eða sýslunefndir tilnefna í skólanefnd, skulu vera iðnlærðir.

2. gr.

1. málsl. 20. gr. orðist svo:

Skýlt er að taka í iðnskóla til iðnnáms í þeim iðngreinum, sem kenndar eru við hlutaðeigandi skóla, alla þá í umdæmi skólans, er gert hafa löglega námssamninga eða fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum, sbr. þó 45. gr.

3. gr.

Á eftir 2. tl. 22. gr. komi:

Iðnfræðsluráð getur áskilið, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að nemandi hafi hlotið tiltekna lágmarkseinkunn á miðskólaprófi í einstökum námsgreinum svo og í aðaleinkunn.

Þá er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, að ákveða, að almennt inntökuskilyrði í iðnfræðsluskóla skuli vera staðlað gagnfræðapróf. Slík breyting skal tilkynnt með a. m. k. eins árs fyrirvara.